

13. stjórnarfundur EBAK þriðjudaginn 26. Feb. 2024 kl. 15:00

Mætt: Karl Erlendsson, Karl Guðmundsson, Sigurður Harðarson, Margrét Alfreðsdóttir, Friðrik Vagn, Helgi Aðalsteinsson, Margrét Marvinsdóttir og Elín Antonsdóttir.

Fjarverandi: Valgerður Jónsdóttir og Þóra Hjaltadóttir.

Formaður setti fund kl 15:00

Eftirfarandi var tekið fyrir:


1. Formaður ræddi um komandi aðalfund félagsins og undirbúning dagskrár hans en hann verður haldinn 20. mars kl. 16:00 í Síðuskóla.
2. Þá lagði gjaldkeri fram drög að ársreikningi sem kynntur verður á næsta stjórnarfundi og lagður fram á aðalfundi.
3. Tillaga var rædd um hækkan félagsgjalda í kr. 4000 fyrir árið 2025 og verður hún afgreidd á aðalfundinum.
4. Sagt var frá fundi framkvæmdaráðs með fulltrúum meirihluta bæjarstjórnar um byggingaáform þ.e. hugmyndir að viðbyggingu við Bugðusíðu.
5. Fundi sem kjaramálahópur áformaði með bæjarfulltrúum hefur verið frestað til hausts.
6. Húsnaðismálahópurinn hefur fundað tvisvar og er að kynna sér ýmislegt er varðar þeirra vinnu.
7. Ákveðið var að fresta stefnumótunarvinnunni fyrir félagið fram yfir aðalfund.
8. Formaður kynnti tilboð frá Elko um fjarfundabúnað til kaupa fyrir félagið. Var það samþykkt

Önnur mál

1. Tölvulæsi. Beðið er eftir tilboði frá Símey fyrir félagið,
2. Hugmyndin um lestrarkennslu í skólum að hálfu félaga EBAK er í farvegi.
3. Umræður um kjörgengi félagsmanna og kosningarétt í formanns- og stjórnarkjöri á aðalfundi. Ákveðið að vísa málinu til umfjöllunar í komandi stefnumótunarvinnu fyrir félagið.

Næsti fundur stjórnar ákveðinn þriðjudaginn 5. mars kl. 15

Fleira ekki gert, fundi slitið. Fundargerð ritaði Elín Antonsdóttir


Karl Erlendsson
Karl Guðmundsson
Helgi Aðalsteinsson
Margrét Marvinsdóttir
Elín Antonsdóttir